

L ö g
um vatnsveitingar.

Nr. 65.
22.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Vötn öll, stór og smá, skulu svo renna sem að fornu hafa runnið, og má ekki breyta farvegi þeirra, nema með samþykki allra þeirra, sem breytingin snertir hagsmunalega, eða heimild sje gefin til þess í lögum þessum.

Nú breyta vötn farvegi sínum, og er þá hverjum heimilt, sem fyrir skaða verður, að veita þeim í sinn forna farveg, og hefir hann jafnframt rjett til að nota til þess efni úr annars manns landi, ef nauðsyn krefur, gegn endurgjaldi. Þegar um mikið mannvirki er að ræða, skal um það leita álits verkfróðs manns, sem landsstjórnin hefir tekið gildan eða sett til þess, og skal farið að hans ráðum um framkvæmd verksins. Borgun til hans telst til kostnaðar við verkið.

2. gr.

Við áveitu og framræslu skal vatni veita svo á land eða af landi, að öðrum sje ekki mein að.

Nú telur einhver sjer mein af áveitu eða framræslu annars og samkomulag verður ekki, og getur þá sá, er telur sig fyrir skaða verða, kvatt úttektarmenn til skoðunar- og matsgerðar á þessu. Telji úttektarmenn gjörðarbeiðanda að vísu skaða af áveitunni eða framræslunni, en að sá skaði sje minni en sá hagur, er hinn hefir af henni, skal hún engu að síður heimil, en úttektarmenn skulu þá meta fullar bætur fyrir.

Ef úttektarmenn meta gjörðarbeiðanda ekki meiri bætur en honum hafa verið boðnar, greiði hann matskostnað, en að öðrum kosti sá, er áveituna eða framræsluna hefir gjört.

3. gr.

Sá, sem veita vill vatni á land sitt, en þarf til þess vatn úr landi annars eða þarf að leiða vatnið yfir land annars og samkomulag næst ekki til þess, getur kvatt úttektarmenn til gjörðar um málið. Áliti úttektarmenn hinum bagalaust, að vatnið sje tekið í landi hans eða veitt í gegnum það, skal það heimilt gegn hæfilegri þóknun. Telji þeir landeiganda бага að töku vatnsins eða veitu þess, skal þó upptaka þess eða veita heimil, ef úttektarmenn telja skaða landeiganda mun minni en hag hins af vatnstökunni eða veitunni, en þeir skulu þá meta landeiganda fullar skaðabætur, enda verði vatn ekki tekið annarsstaðar eða leitt með ekki meiri kostnaði en skaði landeiganda er, svo sama gagn gjöri. Gjörðarbeiðandi greiði matskostnað.

Nr. 65.

22.
nóvbr.

4. gr.
Ekki má öðruvísi en eftir samkomulagi gerstífla ár, læki eða aðra vatnsfarvegi, og halda þannig vatni fyrir öðrum.

5. gr.

Nú fellur vatn milli tveggja jarða, og eiga þá hvor um sig, þeir er land eiga að, rjett á að nota vatnið að helmingi. Ef vatnið er svo lítið, að ekki nægi, þá skal með úrskurði úttektarmanna ákveða skifti og notkun vatnsins. Borgun til úttektarmanna greiði hvor um sig að helmingi.

Ef fleiri jarðir liggja að á, læk eða öðru vatni, er nota má til áveitu, og samkomulag næst ekki um, hvernig nota skuli, má útkljá það með löggilttri samþykkt samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Nú er veitt vatni á óskift land og geta þá þeir, er landið eiga, krafist þess, að úttektarmenn skifti landinu milli þeirra til eignar og afnota. Hver einstakur sameigandi getur krafist skiftanna. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamatinu, og skal ekki að eins farið eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og legu. Rjett til að heimta yfirmat eða yfirúrskurð um skiftin hefir hver jarðeigenda og ábúenda, og auk þess hver veðhafi í landi því, er skift var, um eitt ár frá skiftadegi. Kostnaðinn veð skiftin greiða jarðeigendur að tiltölu við jarðarstærð svo og kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð, ef breyting verður gerð á skiftum, ella greiðir gerðarbeiðandi þann kostnað.

7. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um notkun vatns til samáveitu, um viðhald skurða og vatnsfarvega, og um vörn gegn skemdum af vatnságangi.

8. gr.

Nú vilja menn koma á samþykkt um samáveitu eða framræslu, og skulu þá frumkvöðlar málsins semja uppkast til samþykktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþykktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarpart til ábúðar, sem metinn er til dýrleika. Sýslunefndin tiltekur fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefur kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum. Verði fundarstjóri að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber honum 4 kr. á dag í fæðispeninga og ferðakostnað að auki, eftir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

9. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 8. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar. Eins fer um frumvarpið þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefur gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykta, sem hefur ekki náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþyktafundum, er fallið, og má eigi bera það upp að nýju í sýslunefndinni fyrir en á næsta aðalfundi hennar Nr. 65.
22.
nóvbr.

10. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og stjórnarráðinu þykir hún koma í bága við lög, grundvallarreglur laga eða rjett manna, og synjar það þá um staðfesting sína og skýrir sýslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt, sem stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta eða úr gildi nema á annan hátt en þann, sem hún var stofnuð á.

11. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um umsjón og viðhald fyrirtækja og mannvirkja þeirra, sem samþykktin ræðir um, og ef um samáveitu er að ræða, um stjórn hennar, svo og um greiðslu kostnaðar, er af þessu leiðir.

12. gr.

Ákveða má í samþykkt 1—200 kr. sektir fyrir brot gegn henni, og þá jafnframt tiltaka, í hvern sjóð sektirnar skuli renna.

Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Þegar löggilt samþykkt hefir verið sett um samáveitu, eru allir landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem áveitunni er ætlað að ná yfir, skyldir til að leyfa landsafnot til mannvirkja þeirra, er áveituna snerta, svo sem land undir skurðina, og að efni sje tekið úr landinu, hvort heldur er grjót eða önnur jarðefni, í fyrirhleðslur, garða, stíflu-gerðireð aumbúnað skurða o. s. frv., og yfir höfuð að þola þær kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem áveituverkið hefir í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sje krafist. Bætur má ákveða með samkomulagi milli landeiganda og stjórnar samáveitunnar, en náist ekki samkomulag, skulu úttektarmenn meta. Kostnaður við matið telst til útgjalda samáveitunnar.

14. gr.

Þegar gerðar eru mælingar til undirbúnings samáveitu, er þeim, sem það gera, heimilt að fara að ósekju yfir lönd manna hvar sem er, hvort heldur gangandi eða með hesta, en varast skulu mælingamenn óþarfa troðning á túnnum eða engjum. Merki þau og vörður, er mælingamenn þessir setja, skulu teljast til hluta þeirra, er friðaðir eru samkvæmt 296. gr. hinna almennu hegningarlaga.

15. gr.

Kostnaði öllum við samáveitu skal stjórn hennar skifta milli jarðanna, aðallega eftir stærð þess lands, sem vatn næst yfir. Þó skal taka nokkurt tillit til þess, hvernig hver jörð liggur við áveitunni, og hver not geta orðið af henni fyrir hana í samanburði við aðrar jarðir. Verði ágreiningur um skiftin, skulu úttektarmenn skera úr. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna.

Nr. 65.
22.
nóvbr.

16. gr.

Vilji einhver, eftir að samáveitu hefir verið komið á, gerast hluttakandi í henni á þann hátt, að fá vatn til áveitu á land sitt, þá hefir hann rjett til þess, ef það að dómi úttektarmanna er bagalaust fyrir samáveituna. En skyldur er hann þá að taka þátt í kostnaði öllum við áveituna, bæði stofnkostnaði og árskostnaði, að rjettri tiltölu við aðra, sem hlut eiga að máli. Að auki er hann skyldur að greiða borgun til úttektarmanna fyrir störf þeirra samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Nú er samþykkt gerð um samáveitu, og skal þá leiguliði leita samkomulags við landsdrottin um það, hvernig kostnaðinn skuli greiða. Vilji landsdrottinn leggja fram kostnaðinn, er leiguliði skyldur til að greiða árlegan kostnað við viðhald, stjórn og umsjón áveitunnar og ennfremur eftirgjaldsauka eftir samkomulagi eða eftir mati úttektarmanna, en kostnað við það mat greiði landeigandi og leiguliði að helmingi hvor.

Vilji landsdrottinn ekki leggja fram kostnaðinn við áveituna, er rjett að leiguliði geri það. Þegar leiguliði fer frá jörðinni, skulu úttektarmenn meta, hversu mikið jörðin megi hækka að varanlegu eftirgjaldi fyrir áveituna, og fær þá leiguliði endurgoldinn áveitukostnaðinn annan en viðhaldskostnað, umsjónar- og stjórnarkostnað, þó ekki meira en sem svarar fimtánföldum eftirgjaldsauka þeim, sem metinn er.

18. gr.

Ef hvorki landsdrottinn nje leiguliði vill leggja fram áveitukostnaðinn, samkv. 17. gr., getur stjórn samáveitunnar krafist þess, að jörðin sje tekin eignarnámi handa áveitufjelaginu. Snýr stjórnarnefndin sjer í því efni til hjeraðsdómarans, sem dómkveður 3 óvilhalla menn utan sveitar' og utan áveitusvæðisins til að meta jörðina til eignarnáms. Borgun til þeirra telst til kostnaðar við samáveituna. Nú er landeigandi eða áveitufjelsstjórnin óánægð með matsverðið, og má þá hvor um sig skjóta gerðinni til yfirmatsnefndar þeirrar, sem greinir um í 20. gr. Matsnefndirnar skulu láta birta landeiganda og áveitustjórn matsgerðir á sama hátt og dómar eru birtir; kostnaður við það telst til matskostnaðar. Áfrýjunarfrestur er 3 mánuðir frá birtingu. Áður en 5 mánuðir eru liðnir frá birtingu matsgerðar, enda sje undirmatsgerð ekki áfrýjað, skal stjórn áveitufjelsins krefjast, að eignarnámið fari fram, og leggja fram matsverðið. Áveitufjelaginu eða þeim, er síðar eignast jörðina, er skylt að leggja fram áveitukostnaðinn og öðlast þá þann rjett gagnvart leiguliða, sem segir í 17. gr.

19. gr.

Þar sem ákveðið er í lögum þessum, að úttektarmenn skuli skoða, meta, skera úr o. s. frv., skulu það gjöra úttektarmenn í því umdæmi, þar sem land það liggur, sem meta á, skoða eða skera úr um. Nú liggur það í tveim úttektarmannaumdæmum eða fleiri, en í sama lögsagnarumdæmi, og skal þá sýslumaður tilnefna tvo af úttektarmönnum umdæmanna til gerðarinnar. Ef úttektarmaður er forfallaður, við málið riðinn eða nákominn aðilum, kveður sýslumaður annan mann í hans stað. Úttektarmenn tilnefna oddamann, áður mat byrjar, sem sker úr, ef þá greinir á. Nú er svæði það, sem gerðina varðar, í tveim lögsagnarumdæmum eða fleiri, og heyrir þá tilnefning gerðarmanna,

sú, sem á undan greinir, undir hjeraðsdómarann í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðar- Nr. 65.
beiðandi býr, ef hann býr á svæðinu, eða, ef hann býr utan þess, þar er sú fasteign liggur, ^{22.}
sem hann beiðist gerðar vegna. Má dómariinn í þessu tilfelli útnefna menn úr hverju ^{nóvbr.}
umdæmanna sem er.

Fyrir skoðunar- og matsgerðir o. s. frv. eftir lögum þessum fá úttektarmenn sömu borgun og þeim ber að lögum fyrir áþekk störf, og greiðist hún af gerðarbeiðanda, ef ekki er öðru vísi kveðið á í lögum þessum.

20. gr.

Öllum matsgerðum og úrskurðum úttektarmanna samkvæmt lögum þessum, má hver sá, sem málið varðar, skjóta til yfirmats eða yfirúrskurðar dómara þess, sem útnefning úttektarmanna samkvæmt 19. gr. ber undir, og 4 manna annara, óvilhallra, sem hann kveður til þess fyrir rjetti og mega þeir vera úr öðrum lögsagnarumdæmum, ef dómaraannum þykir ástæða til þess. Dómariinn er formaður yfirmatsmanna og stýrir matinu.

Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 4 kr. á dag og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar formaður reikninga hinna dómkvöddu yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans til fullnaðarúrskurðar stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við yfirmat eða yfirúrskurð greiði gerðarbeiðandi, ef ekki er breyting gerð á hinnu áfrýjuðu gerð, ella skal ákveðið í yfirmatinu eða yfirúrskurðinum, hverjir greiða skuli, sbr. þó 6. gr.

21. gr.

Skaðabætur þær, sem úttektarmenn eða yfirmatsnefnd meta samkvæmt lögum þessum, mega vera annaðhvort fjegjald í eitt skifti eða árlegt fjegjald, eftir því hvernig skaða þeim er varið, sem bæta skal.

Nú kemur í ljós, er frá líður, meiri skaði en fyrirsjáanlegur var, þá mat fór fram, og er þá heimilt að láta meta upp aftur, og fer það mat fram á sama hátt og frummatið.

Fjegjöld samkvæmt matsgjörðum og kostnað við matsgjörðir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki.

22. gr.

Úttektarmenn, matsmenn eftir 18. gr., og yfirmatsnefnd skulu gefa málsaðilum kost á að vera við mats- og skoðunargerðir þær, er þeir framkvæma eftir lögum þessum; skulu þeir því í tæka tíð tilkynna þeim, hvenær matsstörfin eða skoðunargjörð byrja, og er störfum lýkur í hvert sinn, hvenær þau verði tekin fyrir aftur. Aðilum skal gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki lengur en nauðsyn krefur. Ekki skulu aðilar viðstaddir, er matsmenn ræða málið sín í milli til undirbúnings álits síns eða þegar álitid er samið.

23. gr.

Brot gegn 3. og 4. gr. laga þessara varða sektum 10—500 kr., nema þyngri hegning liggvi við. Sektir þessar renna í landssjóð.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nr. 65.
22.
nóvbr.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 49, 20. des. 1901 um samþykktir til varnar skemndum af vatnaágangi, um vatnsveitingar, og um skurði. Þó skulu gildandi samþykktir, sem gefnar hafa verið út eftir þeim, halda gildi sínu, en ekki má breyta samþyktunum nje fella þær úr gildi, nema eftir ákvæðum framanskráðra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 66.
22.
nóvbr.

Girðingalög

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði og Ræktunarsjóði, svo og aðrar vírgirðingar, er njóta styrks af almannafje, skulu vera að minsta kosti 1 metri á hæð. Þó skulu girðingar fyrir kynbótagripi ekki vera lægri en 1 metri og 12 sentímetrar.

Eigi er vírgirðing á jafnsljettu fullgild, nema hún sje með 5 strengjum, Nú er garður hlaðinn undir vírinn, og þarf þá eigi fleiri strengi en fjóra, ef garðurinn er að minsta kosti 30 sentímetra hár, þrjá strengi, ef hann er 60 sentímetrar, og eigi fleiri en tvo strengi, ef hann er 75 sentímetrar á hæð.

2. gr.

Milli stuðla má vera alt að 6 metra bil, eftir gildleika þeirra og landslagi, hvort sem girðingin er á jafnsljettu eða garður hlaðinn undir vírinn, samkvæmt 1. gr.

Að öðru leyti skal gera girðingar samkvæmt reglugerð, er landsstjórnin semur, sje lán veitt til þeirra úr landssjóði eða Ræktunarsjóði.

3. gr.

Nú vill einstakur maður eða fjelag girða og leitar um lán til þess úr áðurnefndum sjóðum, skal þá fylgja lánsbeiðninni skýrsla um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Ef ekki er fje fyrir hendi til að fullnægja öllum þeim, er um lán hafa beðið, skulu þeir, er eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrjett næsta ár, að öðru jöfnu.